



Félag fornleifafræðinga

Frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands

Nóvember 2022

Þórunnartúni 2

105, Reykjavík

Stjórn Félags fornleifafræðinga þakkar fyrir fundi með ráðherra í haust. Félagið fagnar frumvarpinu og telur það vera fyrsta skrefið í að endurskapa traust milli fornleifafræðinga og stjórnsýslu safnamála á Íslandi.

Safnalög, nr. 141/2011.

Félagið fagnar auknum vilja og leiðum til þess að bæta samstarf milli fagfélaga og ráðuneytisins. Fjármagn til varðveislu fornleifa og rannsókna á Íslandi er lítið samanborið við nágrannaþjóðir okkar. Samtali fornleifafræðinga við stjórnsýslu hefur verið verulega ábótavant í gegnum tíðina og fornleifafræðingar hérlendis hafa lengi þurft að vera í menningarlegri nauðvörn. Breytingar á lögum frá 1989 sem eitt sinn hétu þjóðminjalög hafa helst markast af viðbrögðum við veikri forystu ásamt stefnu- og afstöðuleysi í málaflokk fornleifafræðinnar. Aukið samtal eins og lagt er upp með í þessu frumvarpi er því ákaflega mikilvægt skref. Ef vel er haldið á spöðum gæti þetta markað mikilvæg kaflaskil í sögu menningar og fornleifafræði hérlendis.

Samræming á skipunartíma forstöðufólks höfuðsafna

Félagið fagnar þessari breytingu og telur hana mikilvæga og þarft skref. Félagið lítur á þetta sem góða forvinnu fyrir heildarendurskoðun á lögum um Þjóðminjasafn og jafnvel lögum um öll höfuðsöfn.



Félag fornleifafræðinga

Nóvember 2022

Þórunnartúni 2

105, Reykjavík

Rannsóknargæði og áhugi innan fagséttarinnar er til staðar til þess að fjölga fastráðnum akademískum starfsmönnum við höfuðsöfnin. Félagið er reiðubúið í slíkar samræður ef áhugi og metnaður er fyrir hendi. Ísland er rík þjóð og héraendis er að finna mikilvægar minjar, ekki bara um sögu Íslands heldur Evrópu og eftir atvikum mikilvægar öllum heiminum. Rannsóknir á okkar sögu má líta á sem uppbyggingu innviða landsins enda getur ekkert samfélag verið án fortíðar.

Virðingarfyllst,
Stjórn Félags fornleifafræðinga